




SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Ársskýrsla

Starfsárið 2022 – 2023



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns.....	2
Dagskrá aðalfundar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2023.....	3
Stjórn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2022 – 2023	4
Starfsfólk Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.....	5
Aðildarfélög Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2022 - 2023	6
Fundargerð aðalfundar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2022	7
Mólar úr starfi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2022-2023	10
Yfirlit yfir starfsemi vinnuhópa Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2022-2023	13
Núgildandi lög Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.....	15
Fundarboð aðalfundar 2023	18
Tillögur að lagabreytingum lagðar fram á aðalfundi 2023	19
Ársreikningur Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2022	20

Ávarp stjórnarformanns

Það starfsár sem við erum nú að gera upp hefur verið viðburðaríkt hjá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu. Við í stjórn samtakanna og starfsfólk getum litið stolt yfir farinn veg og þann árangur sem náðst hefur. Þá geta aðildarfélög samtakanna einnig verið ákaflega stolt af starfsemi sinni á árinu.

Á opnum ársfundi samtakanna, sem haldinn verður í beinu framhaldi af aðalfundinum, ætlum við einmitt að setja sviðsljósíð á starfsemi aðildarfyrirtækjanna og á þann metnað sem ræður ríkjum í starfsemi þeirra. Yfirskrift ársfundarins er nýsköpun í velferðarþjónustu. Þar munu nokkur af okkar aðildarfélögum segja frá nýsköpunar- og þróunarverkefnum hjá sér og þá mun heilbrigðisráðherra, Willum Þór Þórsson, ávarpa fundinn.

Það er mikilvægt þegar við horfum til baka yfir starfsárið að rifja upp hver tilgangur samtakanna okkar er. Hvers vegna leggjum við þessa miklu vinnu í starf á vettvangi samtakanna. Sá tilgangur er að efla samstarf aðildarfélaganna, standa vörð um hagsmuni þeirra og vinna að bættum starfsskilyrðum. Þá er einnig mikilvægt að stuðla að árangursríku samstarfi við heilbrigðisyrivöld, sveitarfélög, félagasamtök og aðra haghafa. Hluti af þessu er að vinna að því að koma á framfæri við stjórnvöld og almenning afstöðu samtakanna um mál er snerta hagsmuni aðildarfélaga og fylgja þeim eftir. Gerð þjónustusamninga og kjarasamninga fyrir hönd aðildarfélaga okkar eru meðal okkar stærstu verkefna í þessu samhengi.

Tveir nýir starfsmenn gengu til liðs við samtökin á starfsárinu og eru þeir hér boðnir formlega velkomnir. Þorsteinn Skúli Sveinsson var ráðinn sem aðstoðarframkvæmdastjóri og lögfræðingur samtakanna. Hann verður einnig formaður samninganefndar SFV í kjaramálum. Þá hóf Karl Sigurðsson störf sem greinandi en um er að ræða nýja stöðu hjá samtökunum og standa vonir til að hún muni skila miklu fyrir starfsemi samtakanna. Þorsteinn og Karl eru mjög velkomin viðbót við öflugt starfslið samtakanna og hlökkum við til að fylgjast með þeim á næstu árum.

Breytingar urðu á fyrirkomulagi kjaramála hjá samtökunum á starfsárinu. Kjaranefndin var lögð niður og í hennar stað skipuð ný samninganefnd í kjaramálum. Ítarlegar er fjallað um þær breytingar í umfjöllun um kjaramálin í ársskýrslu samtakanna, en í stuttu máli sagt var tilgangur breytinganna að setja í forgrunn enn meiri sérþekkingu, reynslu og færni í kjara- og samningamálum. Samninganefndin fær það risastóra verkefni á þessu starfsári að vinna að gerð nýrra kjarasamninga við alla helstu viðsemjendur samtakanna og hefur hún unnið hörðum höndum undanfarið að undirbúningi þeirra samningaviðræðna. Þá er vert að minnast á þá miklu vinnu sem unnin var á vettvangi samtakanna vegna verkfalla síðustu mánaða, en þar gegndu samtökin lykilhlutverki í samskiptum við stéttarfélög, atvinnurekendur, stjórnvöld, stofnanir og aðra haghafa.

Helstu verkefni stjórnar og starfsmanna hafa sem fyrr verið hagsmunagæsla fyrir aðildarfélögin. Þar má t.d. nefna vinnu í tengslum við fjárlögin þar sem við náðum ýmsu fram. Þá fór fram mikil vinna í tengslum við mál á Alþingi og í stjórnkerfinu, m.a. í gegnum umsagnir, heimsóknir til nefnda og margra formlegra og óformlegra funda og samtala með lykilaðilum í stjórnkerfinu.

Af stórum verkefnum á vettvangi samtakanna þá vil ég sérstaklega nefna að mikil vinna hefur átt sér stað með stjórnvöldum í framhaldi af því að samningar náðust við Sjúkratryggingar Íslands um nýja þjónustusamninga hjúkrunarheimila. Þar má nefna vinnu starfshópa um húsnæðiskostnað heimilanna og um nýtt mats- og greiðslukerfi. Þá hefur verið unnið að breytingum á smæðarálagi, útlagasjóði, aukinni kostnaðarþátttöku SÍ í hjálpartækjum, fyrirkomulagi hvíldarinnlagna og fleiri málum.

Að síðustu vil ég þakka fyrir þann velvilja sem samtökin hafa fundið fyrir frá stjórnvöldum á starfsárinu og vil ég þar sérstaklega þakka heilbrigðisráðherra, Willum Þór Þórssyni, fyrir samstarfið á starfsárinu.

María Fjóra Harðardóttir
formaður stjórnar SFV

Dagskrá aðalfundar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2023

Fimmtudaginn 27. apríl 2023

kl. 13:00 – 14:00

haldinn á Hrafnistu Sléttuvegi

Dagskrá:

1. Hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum SFV
2. Önnur mál
3. Kaffihlé

Að loknum aðalfundi fer fram opið málþing SFV þar sem umfjöllunarefnið verður nýsköpun í velferðarþjónustu. Auk valinkunnra gesta mun heilbrigðisráðherra, Willum Þór Þórsson, ávarpa þingið. Málþingið hefst kl. 14:30.



Nýsköpun í velferðarþjónustu

Dagskrá

Ávarp

Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra

Framtíðarsýn velferðarþjónustu

Sigurjón N. Kjærnested og María Fjóra Harðardóttir, SFV

Stuttar kynningar

Sóltún heilsusetur: Lærdómur af opnun nýs endurhæfingarúrræðis

Hrönn Ljótsdóttir

Munum þá sem gleyma: Bylting í þjónustu við einstaklinga með heilabilun

Vilborg Gunnarsdóttir, Alzheimerssamtökin

Endurhæfing vegna langvinnra veikinda af völdum Covid

Stefán Yngvason, Reykjalundi

Nýsköpun veltur á viðhorfi

Jakobína Árnadóttir, Hrafnista

Aðlögun og þróun í heilbrigðisþjónustu: Lyfjameðferð við ópióðafíkn

Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir, SÁÁ

Nýsköpun: Grípum tækifærin

Teitur Guðmundsson, Heilsuvernd

Málþing SFV

Fimmtudaginn 27. apríl kl. 14.30
Hrafnistu, Sléttuvegi

Fundarstjóri er Lovísa Árnadóttir.

Öll velkomin!
www.samtok.is

Stjórn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2022 – 2023

MARÍA FJÓLA HARÐARDÓTTIR **FORMAÐUR**

Hrafnistuheimilin

maria.hardardottir@hrafnista.is

Vinnusími: 585 9500

ÁSGERÐUR TH. BJÖRNSDÓTTIR **MEÐSTJÓRNANDI**

SÁÁ

asgerdur@saa.is

Vinnusími: 530 7600

HALLA THORODDSEN **MEÐSTJÓRNANDI**

Sóltún öldrunarþjónusta ehf. (Sólvangur hjúkrunarheimili og Sóltún Heima)

halla@solvangur.is

Vinnusími: 590 6591

KARL ÓTTAR EINARSSON **MEÐSTJÓRNANDI**

Grundarheimilin (Grund, Mörk og Ás)

karl.ottar@grund.is

Vinnusími: 5306171

KJARTAN KJARTANSSON **MEÐSTJÓRNANDI**

Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili

kjartan@dvalarheimili.is

Vinnusími: 4334302

SIGURÐUR RÚNAR SIGURJÓNSSON **MEÐSTJÓRNANDI**

Eir, Hamrar og Skjól

srs@eir.is

Vinnusími: 522 5700

VILBORG GUNNARSDÓTTIR **MEÐSTJÓRNANDI**

Alzheimersamtökin

vilborg@alzheimer.is

Vinnusími: 533 1088

Starfsfólk Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

SIGURJÓN NORBERG KJÆRNESTED

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Skrifstofa SFV
Brúnavegi 13, 104 Reykjavík
sigurjon@samtok.is
GSM: 783 8114
Vinnusími: 5 600 200

PORSTEINN SKÚLI SVEINSSON

AÐSTOÐARFRAMKVÆMDASTJÓRI/LÖGFRÆÐINGUR

Skrifstofa SFV
Brúnavegi 13, 104 Reykjavík
thorsteinn@samtok.is
Vinnusími: 5 600 203

GUNNHILDUR ERLA KRISTJÁNSDÓTTIR

LÖGFRÆÐINGUR / PERSÓNUVERNDARSÉRFRÆÐINGUR

Skrifstofa SFV
Brúnavegi 13, 104 Reykjavík
gunnhildur@samtok.is
Vinnusími: 5 600 201

HEIÐA BJÖRK VIGNISDÓTTIR

LÖGFRÆÐINGUR

Skrifstofa SFV
Brúnavegi 13, 104 Reykjavík
heida@samtok.is
Vinnusími: 5 600 202

KARL SIGURÐSSON

GREINANDI

Skrifstofa SFV
Brúnavegi 13, 104 Reykjavík
karl@samtok.is

Aðildarfélag Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2022 - 2023

Alzheimersamtökin, Reykjavík	Hrafnista Boðabing, Kópavogi	Mörk hjúkrunarheimili, Reykjavík
Ás, dvalar- og hjúkrunarheimili, Hveragerði	Hrafnista Hlévangur, Reykjanesbæ	Naust, dvalar- og hjúkrunarheimili, Þórshöfn
Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili, Borgarnes	Hrafnista Hraunvangur, Hafnarfirði	Reykjalundur, endurhæfing, Mosfellsbæ
Dalbær, heimili aldraðra, Dalvík	Hrafnista Ísafold, Garðabæ	Samhjálp, Reykjavík
Droplaugarstaðir, hjúkrunarheimili, Reykjavík	Hrafnista Laugarás, Reykjavík	SÁÁ, Reykjavík
Dvalarheimilið Fellaskjól, Grundarfirði	Hrafnista Nesvellir, Reykjanesbæ	Seljahlíð, hjúkrunarheimili, Reykjavík
Eir hjúkrunarheimili, Reykjavík	Hrafnista Skógarbæ, Reykjavík	Silfurtún, dvalarheimili, Búðardal
Fellsendi, hjúkrunarheimili, Dalabyggð	Hrafnista Sléttuvegi, Reykjavík	Sjálfsbjargarheimilið, Reykjavík
Grenilundur, hjúkrunarheimili, Grenivík	Hvammur, heimili aldraðra, Húsavík	Skjól, hjúkrunarheimili, Reykjavík
Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili, Reykjavík	Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili, Akranesi	Sólheimar ses.
Hamrar hjúkrunarheimili ehf., Mosfellsbæ	Jaðar, hjúkrunar- og dvalarheimili, Ólafsvík	Sóltún öldrunarþjónusta, Reykjavík
Heilsuvernd hjúkrunarheimili, Akureyri	Kirkjuhvoll, hjúkrunar- og dvalarheimili, Hvolsvelli	Sóltún, hjúkrunarheimili, Reykjavík
Hjallatún, hjúkrunarheimili, Mýrdýlshrepp	Klausturhólar, hjúkrunar- og dvalarheimili,	Sólvellir, heimili aldraðra, Eyrarbakka
Hlíðabær, Reykjavík	Kirkjubæjarklaustri	Sundabúð, hjúkrunarheimili, Vopnafirði
Hornbrekka, hjúkrunar- og dvalarheimili, Fjallabyggð	Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili, Hellu	Vigdísarholt, Kópavogi
	MS Setrið, Reykjavík	
	Múlabær, Reykjavík	

Fundargerð aðalfundar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2022

Aðalfundur SFV

Friðjudaginn 26. apríl 2022 kl. 13.00

Fulltrúar frá eftirfarandi aðildarfélögum eru mættir á fundinn: Alzheimersamtökin, Brákarhlið, Dalbær, Eir, Grund, Hjallatún, Hlíðarbær, Hornbrekka, Hrafnistuheimilin, Höfði, Kirkjuhvoll, Lundur, MS setrið, Múlabær, Reykjalundur, SÁÁ, Seljahlið, Sjálfsbjargarheimilið, Sóltún Reykjavík, Sóltún öldrunarþjónusta, Vigdísarholt, Starfsmenn SFV (Heiða Björk Vignisdóttir og Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir), framkvæmdastjóri SFV (Sigurjón Norberg Kjærnested).

Fundarritari: Heiða Björk Vignisdóttir

Fundarstaður: Fundur haldinn á Hrafnistu Sléttuvegi

Fundarefni samanber lög félagsins er sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar samtakanna lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns
6. Kosning annarra stjórnarmanna
7. Kosning tveggja skoðunarmanna
8. Ákvörðun árgjalda
9. Önnur mál

1. Björn Bjarki Þorsteinsson, formaður SFV opnar fundinn og leggur til Ariel Pétursson, stjórnarformann Sjómannadagsráðs, sem fundarstjóra og Heiðu Björk, starfsmann SFV, sem fundarritara. Samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri fer yfir lögmati fundarboðs og það að löglega sé boðað til fundar. Ekki eru gerðar athugasemdir við það.

Fundarstjóri fer yfir dagskrá fundarins. Spyr hvort fundargestir séu samþykki því að atkvæðagreiðslur fari fram með handauppréttingum. Allir fundargestir samþykki því.

2. Skýrsla stjórnar

Björn Bjarki, fráfarandi stjórnarformaður SFV, fer yfir skýrslu stjórnar og liðið starfsár. Tilkynnir að hann muni ekki bjóða sig fram til stjórnarformannssetu á ný og þakkar fyrir samstarfið.

3. Reikningar samtakanna lagðir fram til samþykktar.

Ásgerður Björnsdóttir, gjaldkeri stjórnar SFV, fer yfir ársreikninginn, helstu tölur og liði.

Yfirgnæfandi meirihluti samþykki ársreikninginn með handauppréttingum.

4. Lagabreytingar

Eybjörg Hauksdóttir fer yfir lagabreytingartillögur vinnuhópsins sem skipaður var af stjórn til að endurskoða lög SFV. Lagabreytingartillögurnar eru meðfylgjandi fundargerð þessari.

Eybjörg spyr hvort fundargestir hafi athugasemdir við lagabreytingartillögurnar.

- Steingrímur frá Vigdísarholti er með athugasemd:
- 12. gr. - þarna er talað um atkvæði 2/3 þeirra sem fundinn sitja en ekki 2/3 allra atkvæða. Gerður munur á atkvæði og fundarmönnum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum, mótsögn milli 10. og 12. gr. Þá eiga þessar athugasemdir einnig við um 13. gr.
- Tillaga: bíða með breytingar á 12. og 13. gr.

- Spurning hvort við leggjum það í atkvæði hvort verði gerð bókun um gildi þessa greina.
- Fundarstjóri leggur til að við frestum afgreiðslu 12. og 13. gr.
- Björn Bjarki kemur upp og þakkar Steingrími frá Vigdísarholti fyrir þessa athugasemd. Einfaldast að við berum upp breytingartillögu á lögum en geymum 12. og 13. gr. og þá stendur það sem var í fyrri lögum og síðan er það stjórnar og/eða félagsaðila að koma með uppfærða tillögu á næsta fundi.
- Yfirgnæfandi meirihluti er samþykkur breytingum á 1.-11. gr. lagabreytinganna.
- Yfirgnæfandi meirihluti samþykkir 14. gr., bráðabirgðaákvæði.

5. Kosning formanns

Fundarstjóri fer yfir.

Borist eitt framboð, frá Maríu Fjólu Harðardóttur, forstjóri Hrafnistuheimilanna. Fundargestir spurðir hvort önnur framboð séu. Svo er ekki. Með handauppréttingum spurt hver er samþykkur. Kosning samþykkt.

6. Kosning annarra stjórnarmanna

Í samræmi við samþykktar breytingar á lögum samtakanna eru þrjú sæti laus í stjórn til tveggja ára og þrjú til eins árs. Eftirfarandi framboð höfðu borist til stjórnar:

Stjórnarmenn kjörnir til tveggja ára:

- Halla Thoroddsen, Sólvangur
- Karl Óttar Einarsson, Grundarheimilin
- Vilborg Gunnarsdóttir, Alzheimersamtökin

Stjórnarmenn kjörnir til eins árs:

- Ásgerður Björnsdóttir, SÁÁ
- Kjartan Kjartansson, Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili
- Sigurður Rúnar Sigurjónsson, Eir, Hamrar og Skjól

7. Kosning tveggja skoðunarmanna

Borist tvö framboð; frá Önnu Birnu Jensdóttur og Ingibjörgu Ólafsdóttur. Fundargestir spurðir hvort önnur framboð séu. Svo er ekki. Með handauppréttingum spurt hver er samþykkur. Kosning samþykkt.

8. Ákvörðun árgjalda

Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri SFV fer yfir ákvörðun og forsendur árgjalda. Eftirfarandi breytingar á aðildargjöldum eru lagðar til á milli ára:

Aðildargjöld 2022 - Heildarupphæðir

Tekjur:	Hækkun Hækkun			
	2022	2021	m.kr.	%
1. Aðildargjöld	37.6	32.7	4.9	15.0%
2. Kjaranefnd	14.9	12.6	2.3	18.3%
3. Persónuvernd	16	15.5	0.5	3.2%
4. Viðbótargjald hjúkrunarheimili	14.9	18.6	-3.7	-19.9%
Samtals tekjur	83.4	79.4	4	5.0%

Fer yfir helstu verkefni sem farið verður í nýju starfsári.

- Mörg stór verkefni á næstunni, s.s. vinna vegna nýs þjónustusamnings (nýtt greiðslukerfi, húsnæðismál, einföldun gagnaskila, skilgreining á fjölda hjúkrunarrýma, smæðarálag), viðræður um kjarasamninga, framkvæmdaáætlun í málefnum aldraðra, þjónustusamningaviðræður dagdvala, fjárlög, þingmál o.fl.

Spurning úr sal - Sjálfsbjörg spyr: hyggjast samtökin ráða fleira fólk?

Svar: Gert ráð fyrir því að ráða einn starfsmann. Líklegast á sviði PR mála og greininga.

Fundarstjóri spyr hvort fundargestir séu samþykkir forsendum aðildargjalda 2022.

Yfirgnæfandi meirihluti með upprétta hönd. Forsendur aðildargjalda því samþykktar.

9. Önnur mál

Stjórn hafði samþykkt að leggja til fyrir aðalfund drög að ályktun sem yrði í framhaldi send út til fjölmiðla. Sigurjón fór yfir að ef aðalfundur samþykkir ályktunina mun stjórn hafa svigrúm til að ákveða hvernig við sendum hana út. Lovísa PR fulltrúi í hlutastarfi hjá SFV getur fundið út góðan tíma og stað fyrir birtingu.

Athugasemd úr sal varðandi orðalag í ályktun:

Gísli Páll stígur í pontu. Nefndir að þetta sé lengsta ályktun á aðalfundi og stingur upp á að stytta hana allverulega. Setja inn „lausnir“ vegna húsnæðisvanda, taka út þetta auka mögulega. Stíga skref en ekki taka skref - breyta því.

Núverandi orðalag: „Með samningunum eru þegar tekin stór skref í átt til framfara fyrir hjúkrunarheimili landsins, svo sem við endurskoðun greiðslukerfis til hjúkrunarheimila og mögulegar lausnir vegna þess að ýmis hjúkrunarheimili fá ekki greiddan húsnæðiskostnað sinn að fullu.“

Breyting yrði: „Með samningunum er mögulegt að stíga stór skref í átt til framfara fyrir hjúkrunarheimili landsins, svo sem við endurskoðun greiðslukerfis til hjúkrunarheimila og lausnir vegna þess að ýmis hjúkrunarheimili fá ekki greiddan húsnæðiskostnað sinn að fullu.“

Sigurjón fer yfir ályktunina með glærum. Samþykkt ályktun er meðfylgjandi fundargerð þessari.

Fyrirspurn úr sal: Mikill kostnaðarauki vegna breytinga á orlofi í kjölfar Betri vinnutíma. Allir fá nú 30 daga. Ómældur kostnaður. Mætti alveg bæta við setningu um þetta í ályktunina og að þetta verði að fást bætt.

Fundarstjóri leggur til að efnislegt innihald ályktunar, ásamt breytingum sem nefndar hafa verið á fundinum, verði samþykkt. Eru fundargestir samþykkir? Yfirgnæfandi meirihluti samþykkir.

Gísli Páll stígur aftur í pontu. Hann vill nýta tækifærið og þakka fyrir stutta en fína stjórnarsetu á síðasta ári. Vill þakka fyrir sig og gott samstarf með Birni Bjarka og Sigurjóni.

Fundarstjóri býður Maríu Fjólu að stíga í pontu. Hún þakkar fyrir heiðurinn. Hennar fyrsta verk sem stjórnarformaður er að slíta aðalfundi á 20 ára afmæli SFV. Hún hlakkar til næstu verkefna og áskorana.

Fundi slitið kl. 14.04.

Athugasemd fundarritara: Fundargerð þessi verður lögð fram til samþykktar á stjórnarfundum SFV miðvikudaginn 18 maí nk.

Molar úr starfi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2022-2023

Hér fylgja nokkrir molar úr starfi samtakanna á starfsárinu. Hér er engan veginn ætlunin að vera með tæmandi upptalningu á starfinu, frekar létt mynd af nokkru af því helsta:

Nýir aðildarfélagar, stjórn og starfsfólk

Á starfsárinu gekk Samhjálp til liðs við samtökin, og eru þau boðin hjartanlega velkomin. Töluverður áhugi er hjá ýmsum aðilum um aðild að samtökunum og bíður það stefnumótunarvinnu næsta starfsárs að taka afstöðu til þess áhuga til framtíðar.

Sú breyting varð á stjórn samtakanna á starfsárinu að Björn Bjarki Þorsteinsson lét af störfum sem formaður samtakanna og María Fjóra Harðardóttir, þáverandi varaformaður tók við sem formaður. Þá tók Vilborg Gunnarsdóttir við sem varaformaður. Breytingar urðu einnig á starfsliði samtakanna, en á starfsárinu tók Þorsteinn Skúli Sveinsson við nýju starfi aðstoðarframkvæmdastjóra og sem formaður nýrrar samninganefndar í kjaramálum. Þá gekk Karl Sigurðsson til liðs við samtökin þar sem hann mun bera ábyrgð á greiningum.

Verkefni í framhaldi af nýjum þjónustusamningum hjúkrunarheimila.

Undir lok síðasta starfsárs skrifuðu fulltrúar SFV og Sambands íslenskra sveitarfélaga undir nýja þjónustusamninga hjúkrunarheimila. Með þeim samningum voru sett af stað nokkur mikilvæg samstarfsverkefni sem unnið hefur verið að síðan:

- Vinna um húsnæðismál hjúkrunarheimila (og annarra velferðarfyrirtækja) og greiðslur vegna húsnæðiskostnaðar þeirra. Hefur sú vinna m.a. falið í sér þátttöku SFV í starfshópi um greiningu á eignarhaldi hjúkrunarheimila. Um þessi misserin stendur svo yfir mikilvæg vinna á vettvangi ráðuneytanna í þessu máli.
- Vinnuhópur um endurskoðun á mats- og greiðsluferfi hjúkrunarheimila. SFV tekur nú þátt í vinnu með heilbrigðisráðuneytinu, embætti landlæknis, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sjúkratryggingum Íslands, þar sem til skoðunar eru úrbætur og breytingar á mats- og greiðsluferfi hjúkrunarheimila.
 - Markmið vinnunnar er m.a. að: „greiðslur séu í samræmi við raunverulega þjónustu hverju sinni, en ekki meðaltal aftur í tímann“ og „hvernig hægt er að mæta breyttum kröfum um gæði- og þjónustu, m.a. m.t.t. samsetningar á starfsfólki hjúkrunarheimila“.
- Endurskoðun á fyrirkomulagi skammtímainnlagna.
- Einföldun á gagnaskilum hjúkrunarheimila.
- Úttekt á smæðarálagi.
- Svo hefur verið unnið að ýmsum málum á vettvangi samstarfsnefndar SÍ, SFV og Sambands íslenskra sveitarfélaga, t.d. varðandi útlagasjóðinn.

Samstarf við stjórnvöld og Alþingi

Samstarf við stjórnvöld var margþætt á starfsárinu og fjöldi erinda sendur til stjórnvalda og fundað með stjórnvöldum og þingi um ýmis mál. Þannig sendu SFV inn umsagnir um bæði þingmál og mál í samráðsgátt stjórnvalda. Af stórum málum má nefna nýja framkvæmdaáætlun í málefnum aldrea en SFV sendi umsagnir um það mál á öllum stigum og fundaði með stjórnvöldum um málið.

Þá var sérlega mikil vinna unnin vegna fjárlaga ársins 2023, unnið var að greiningum og erindum til stjórnvalda og fundað oft með fulltrúum stjórnvalda og stjórnvala. Þar var ákaflega ánægjulegt að sjá þær breytingar sem gerðar voru á fjárlagafrumvarpinu í meðförum Alþingis, en mat SFV var að á flestan hátt hafi samþykkt fjárlög reynst vera í samræmi við vonir SFV.

Mikil vinna fór fram á vettvangi samtakanna í að tryggja að aðildarfélögin fengju hækkanir á greiðslum til að mæta kostnaði vegna greiðslu hagvaxtarauka. Það var einnig ánægjulegt að sjá jákvæða niðurstöðu í þessum málum.

SFV sendi ýmis erindi til stjórnvalda og Alþingis og fylgdi þeim eftir, t.d. varðandi innheimtuhlutverk hjúkrunarheimila, samkeppnisstöðu aðildarfélaga SFV þegar kemur að starfsfólki og margt fleira. Þá átti SFV fulltrúa í ýmsum starfshópum, t.d. í viðbragðsteymi um stöðuna á LSH, um mönnun heilbrigðisþjónustu og fleira.

Verkfall

Verkfall Eflingar litaði nokkra mánuði í starfsemi SFV og fór á vettvangi samtakanna fram viðamikil starf til undirbúnings fyrir verkföllin fyrir hönd aðildarfélaganna og um þeirra starfsemi. Sú vinna snerist bæði um samstarf við stjórnvöld og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins um útfærslur á undanþágum.

BVV

SFV tók þátt í vinnu stýrihóps og matshóps verkefnisins um breytingu á vinnutíma í vaktavinnu (BVV). Í því fólst m.a. að öll aðildarfélög í kjaraaðild sem SFV gerði síðast kjarasamninga fyrir skiluðu ítarlegum launagögnum til SFV sem voru greind og komið áfram til matshóps. Þá var unnið á þessum vettvangi að ýmsum verkefnum tengdum styttingu vinnuvikunnar og álitamál rædd.

Covid

Heimsfaraldurinn hafði sem betur fer ekki jafn mikil áhrif á starfsemi aðildarféлага samtakanna á þessu starfsári, miðað við það síðasta. Þó hafði hann enn áhrif, sérlega í byrjun starfsársins og var unnið á vettvangi samtakanna að ýmsum málum honum tengdum. Sú vinna fór iðulega fram á vettvangi samráðsnefndar um starfsemi hjúkrunarheimila, dagdvala og velferðarfyrirtækja í Covid-19 heimsfaraldri sem er samráðsvettvangur með sóttvornalækni, almannavörum og öðrum aðilum.

Á þeim vettvangi og almennt í samstarfi við stjórnvöld voru gefnar út leiðbeiningar og tilmæli ásamt því að almennt var unnið að viðbrögðum og samstarfi aðildarféлага SFV og stjórnvalda. Samráðshópurinn fór yfir ýmis mál, t.d. tengdum bólusetningum, og haldnir voru upplýsingafundir. Þá var enn töluvert um að starfsfólk SFV og hjúkrunarheimilanna hafi aðstoðað önnur hjúkrunarheimili í ýmsum málum tengdum faraldrinum. Unnið var með landlækni að eftirliti með stöðu hjúkrunarheimila í faraldrinum. Þá var unnið að því í samstarfi við stjórnvöld og Sjúkratryggingar Íslands að tryggja að kostnaður aðildarféлага SFV vegna Covid væri bættur af stjórnvöldum.

Undirbúningur að nýjum þjónustusamningum dagdvala

Óskað hefur verið eftir því formlega við heilbrigðisráðuneytið og Sjúkratryggingar Íslands að samningaviðræður við Sjúkratryggingar Íslands, um heildarþjónustusamninga fyrir dagdvalir, verði aftur teknar upp. Þær samningaviðræður strönduðu fyrir nokkrum árum, en mat SFV er að velvilji sé til staðar hjá stjórnvöldum í garð dagdvala og að nú sé tækifæri til þess að koma rekstri þeirra í fastara og öruggara form. Erindi það og almennur undirbúningur fyrir væntanlegar samningaviðræður var unninn á vettvangi stýrihóps SFV og Sambands íslenskra sveitarfélaga um málefni dagdvala, sem sagt er ítarlegar frá hér síðar í skýrslunni.

Samninganefnd Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Fyrirkomulag kjaramála tók breytingum á starfsárinu. Kjaranefndin var lögð niður og í hennar stað skipuð samninganefnd í kjaramálum. Tilgangur breytinganna var að styrkja stöðu aðildarféлага SFV í kjaraviðræðum, auka við sérþekkingu innan nefndarinnar og byggja upp reynslu og færni í kjara- og samningamálum.

Þorsteinn Skúli Sveinsson, lögfræðingur og aðstoðarframkvæmdastjóri SFV, er formaður nefndarinnar en Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri SFV á einnig sæti í nefndinni ásamt fulltrúum aðildarfélaganna sem búa yfir viðtækri þekkingu og reynslu á þessu sviði. Það eru þau Guðbjörg Gunnarsdóttir frá Reykjalandi, Jakobína Árnadóttir frá Hrafnistuheimilunum, Karen Elín Kristjánsdóttir frá Heilsuvernd, Karl Óttar Einarsson frá Grundarheimilunum, Kjartan Kjartansson frá Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili, Matthías Orri Sigurðarson frá Eir/Hömrúm/Skjóli og Sigríður Sigurðardóttir frá Grundarheimilunum.

Verkefni samninganefndar eru ærin en á starfsárinu hefur nefndin lagt áherslu á greiningu á öllum þeim kjarasamningum sem SFV á aðild að og þeim þáttum sem nefndin telur að þurfi að leggja áherslu á í komandi viðræðum, að kostnaðarmeta nýja kjarasamninga ásamt því stóra verkefni að funda með fulltrúum stéttarféлага og undirbúa kjarasamningsviðræður.

Það er ljóst að komandi starfsár verður viðburðaríkt hjá samninganefndinni enda kjarasamningsgerð við alla helstu viðsemjendur samtakanna fram undan.

Persónuverndarverkefni Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Þrjátíu aðildarfélög SFV taka þátt í persónuverndarverkefni samtakanna. Sem fyrr sinnir Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir, lögfræðingur hjá SFV, hlutverki persónuverndarfulltrúa þessara félaga.

Verkefni persónuverndarfulltrúa eru fjölbreytt og síbreytileg. Persónuverndin er í stöðugri þróun og er því mikilvægt að fylgjast vel með framvindu mála hér á landi sem og erlendis. Persónuverndarfulltrúi leggur áherslu á að eiga í góðu samstarfi við aðra persónuverndarfulltrúa í heilbrigðisþjónustu og eru nýjungar og áskoranir á þessu sviði ræddar á mánaðarlegum fundum fulltrúanna.

Mörg aðildarfélaga SFV hafa nú skipað upplýsingaöryggisnefndir sem persónuverndarfulltrúi á sæti í gegnir þar ráðgjafahlutverki. Hefur það fyrirkomulag reynst afar vel og hefur grettistaki verið lyft víða í upplýsingaöryggismálum, þ. á m. við vinnslu persónuupplýsinga, við styrkingu tækniinnviða og ekki síst í vitundavakningu starfsfólks.

Að lokum hafa fræðslumálin átt stóran sess á starfsárinu, nokkur aðildarfélög hafa haldið persónuverndardaga eða -viku með góðum árangri. Á þeim dögum hafa t.d. fræðslumolar verið kynntir fyrir starfsfólki og persónuverndarfulltrúi fengið að láta ljós sitt skína með fræðsluerindi.

Greiningar og tölfraði

Starf greinanda er ný staða hjá SFV en þeirri stöðu sinnir Karl Sigurðsson sem ráðinn var til starfa hjá samtökunum á árinu.

Margskonar greiningar voru unnar á starfsárinu til að undirbyggja betur starf SFV og til að svara upplýsingabeiðnum stjórnvalda. Þeirra helst var greining þeirra upphafsmælikvarða sem lagðir voru til grundvallar við útfærslu þeirra breytinga sem tengjast styttingu vinnutíma vaktavinnufólks og hvort mat fjármálaráðuneytisins á kostnaðarauka vegna þeirra breytinga hafi átt við um aðildarfélög SFV. Var verkefnið unnið í nánu samráði við stærri aðila SFV, einkum Grund, Hrafnistu og Eir.

Af öðrum verkefnum má nefna að hafin var vinna við að skoða útfærslu smæðarálags sem greitt er smæstu hjúkrunarheimilunum. Teknar voru saman upplýsingar um umfang þjónustu hjúkrunarheimila við einstaklinga yngri en 67 ára og hafin var vinna við greiningu á þjónustuþörf við aldraða á komandi árum, tengt fjölgun aldraðra, kröfum um bættu þjónustu og fleiru sem hefur áhrif á þjónustuþörf.

Samskipti við fjölmiðla og önnur almannatengsl

Á árinu voru almannatengslin eflð hjá samtökunum, en undir lok síðasta starfsárs var Lovísa Árnadóttir fengin til að sinna málaflokknum í hlutastarfi. Hún veitir ráðgjöf og aðstoð við greinaskrif, framsetningu upplýsinga og samskipti við fjölmiðla.

Á árinu var sett fram almannatengslaáætlun SFV. Samkvæmt henni skal halda reglulega opna fundi til að fræða almenning og aðra hagaðila um velferðarmál, skrifa reglulega greinar í fjölmiðla um áherslur samtakanna og að efla innra starf enn frekar með fundum og fræðslu. Einnig að samtökin eigi að vera sýnilegri á samfélagsmiðlum. Samkvæmt áætluninni skal SFV leitast við að koma sjónarmiðum geirans á framfæri í fjölmiðlum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Það var gert með greinaskrifum og viðtölum í ljósvakamiðlum, bæði að eigin frumkvæði og þegar eftir því var leitað. Skilaði þetta sér meðal annars í auknum áhuga fjölmiðla á því að heyra frá SFV þegar fjallað var um velferðar- og heilbrigðismál.

Í stórum verkefnum SFV var leitast við að undirbúa málflutning og mögulega fjölmiðlaumfjöllun vel í samráði við Lovísu.

